

Fimmtudaginn 7. nóvember 1991.

Nr. 94/1989.

Protabú Töggs h/f

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Bíldshöfða 16 h/f

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun. Gjaldþrotalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henryrson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. mars 1989. Hann gerir eftirgreindar dómkröfur:

„1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs hf. við gagnáfrýjanda, að fjárhæð kr. 14.021.034, per 31.12.1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, til Töggs hf.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 14.021.034, með 49,2% ársvöxtum frá 1. desember 1987 til 15. desember 1987 en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. desember 1988, og að ársvextir verði reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól.

3. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. maí 1989. Kröfur hans eru þær, að rift verði greiðslu Töggs h/f við gagnáfrýjanda, að fjárhæð 14.021.034 krónur miðað við 31.12.1986, skil verði á greiðslu samkvæmt 64. gr. laga nr. 6/1978 og „að gagnáfrýjandi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna skuldar aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda vegna veðskulda, sem hvíla á fasteign gagnáfrýjanda, en aðaláfrýjandi er skuldari að, við skipti á búi aðaláfrýjanda“. Þess er krafist, að gagnáfrýjandi verði að öðru leyti sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda. Þá krefst gagnáfrýjandi

málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing skiptaráðandans í Kjósarsýslu frá 23. október 1991. Þar er frá því greint, að bú Ingvars Sveinssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu 14. mars 1990. „Engar eignir fundust í búinu, og var skiptum lokið 5. september 1990 með vísan til 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.“ Í skrá, sem fylgdi yfirlýsingu, kemur fram, að 10 kröfum var lýst í þrotabúið, samtals að fjárhæð 18.021.612,65 krónur. Kröfunni, sem mál þetta fjallar um, að fjárhæð 14.021.034 krónur, var ekki lýst í þrotabúið.

Þá kemur fram í vottorði Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dagsettu 31. október 1991, að gagnáfrýjandi hafi á tímabilinu frá því í maí 1988 til febrúar 1991 greitt skuldir Töggs h/f, sem hvíldu á fasteigninni Bíldshöfða 16 í Reykjavík, með samtals 34.848.810 krónum. „Núvirði greiðslna (miðað við láns-kjaravísitölu) afborgana og vaxta er kr. 39.625.951.“

II.

Gagnáfrýjandi, það er stefndi í héraði, gerði meðal annars þá kröfu, „að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna skuldar stefnanda við stefnda vegna veðskulda, sem hvíla á fasteign stefnanda, en stefndi er skuldari að, við skipti á búi stefnanda“.

Þessi kröfugerð stefnda í héraði er mjög villandi, þar eð umræddar veðskuldir hvíldu á fasteign stefnda í héraði, en ekki á fasteign stefnanda. Stefnandi var og skuldari veðskuldanna, en ekki stefndi í héraði.

Svo sem að ofan greinir, hefur gagnáfrýjandi leiðrétt þetta í kröfugerð fyrir Hæstarétti.

Í forsendum héraðsdóms er ekkert fjallað um ofangreinda kröfu stefnda í héraði. Verður því sjálfkrafa að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 31. janúar 1989 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Það athugast, að við aðalflutning í héraði 9. nóvember 1988 og við munnlegan málflutning 31. janúar 1989 krafðist stefnandi vaxta

aðeins frá 1. desember 1987. Í héraðsdómi er kröfugerð stefnanda því ranglega lýst og vextir dæmdir frá 1. janúar 1987.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 31. janúar 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af þrotabúi Töggs h/f, nnr. 8959-1902, Bíldshöfða 16, Reykjavík, gegn Bíldshöfða 16 h/f, nnr. 1109-0567, Bíldshöfða 16, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs h/f við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr. pr. 31.12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, til Töggs h/f.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 14.021.034 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].
3. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að rift verði greiðslu stefnanda við stefnda, að fjárhæð 14.021.034 kr., pr. 31.12. 1986, skil verði á greiðslu skv. 64. gr. laga nr. 6/1978 og að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna skuldar stefnanda við stefnda vegna veðskulda, sem hvíla á fasteign stefnanda, en stefndi er skuldari að, við skipti á búi stefnanda.
2. Að stefndi verði að öðru leyti algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
3. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins, þó eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 9. nóvember 1988. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 31. janúar sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

III.

Fyrir liggur, sbr. tilvitnað bréf lögmanns stefnda til Töggs h/f, dags. 20. mars 1987, að Töggur h/f framseldi stefnda þá viðskiptamannakröfu, sem mál þetta er sprottið af og fyrr greinir. Ráðstöfun þessi var gerð, meðan á greiðslustöðvun hjá Töggi h/f stóð, en heimild til greiðslustöðvunar var veitt 2. febrúar 1987. Frestdagur telst vera 30. janúar 1987, er beiðni um greiðslustöðvun var sett fram, sbr. 1. tl. 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Krafa þessi er færð stefnda til eignar á árinu 1986, svo sem sést af framlögðum ársreikningum félaganna og bréfi Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 28. júní 1987. Svo sem fram kemur í sóknargögnum, var tekin sú ákvörðun á skiptafundi í þrotabúi Töggs h/f 12. október 1987 að mótmæla þeirri ráðstöfun félagsins fyrir gjaldþrot að framselja stefnda kröfur þessar á Ingvar Sveinsson, og var skiptastjóra veitt málshöfðunarheimild vegna búsins.

Framangreind ráðstöfun á kröfu þessari var Töggi h/f óheimil samkvæmt 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þar sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem gerð var eftir frestdag, verður talið, að riftunarkrafa stefnanda eigi sér stöð í 1. mgr. 59. gr. og eftir atvikum einnig í 61. gr. laganna, en verði ekki reist á ákvæðum 54. gr., eins og stefnandi gerir kröfu til. Að þessu virtu þykir mega fallast á riftunarkröfu stefnanda í málinu.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 63. gr. laga 6/1978 ber að taka til greina fjárkröfu stefnanda í málinu og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Stefndi hefur gert kröfu til þess, að sér verði heimilað að skila aftur greindri kröfu á grundvelli ákvæða 64. gr. laga 6/1978. Eftir atvikum þykir mega fallast á það í þeim mæli, sem unnt reynist.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn, eins og mál þetta er vaxið, 300.000 kr. að meðtöldum söluskatti.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Greiðslu Töggs h/f við stefnda, Bildshöfða 16 h/f, að fjárhæð 14.021.034 kr., per 31.12. 1986, sbr. bréf Ingvars Björnssonar hdl., dags. 20. mars 1987, er rift.

Stefndi, Bildshöfði 16 h/f, greiði stefnanda, þrotabúi Töggs h/f, 14.021.034 kr. með 27% ársvöxtum frá 1. janúar 1987 til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxt-

um frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 1988.

Stefnda er heimilt að skila aftur riftri greiðslu í þeim mæli, sem unnt reynist.

Stefndi greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað að meðtöldum söluskatti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
